# AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.**

*Reitur 1.171.1 Hljómalindarreitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 20. mars 2015, breytingu á skilmálum reits 1.171.1, Hljómalindarreits. Í breytingunni felst færsla á staðsetningu íbúða innan reitsins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Týsgata 4B.* (*Leiðrétting).*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann *9. janúar 2015*, breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.0 vegna lóðarinnar nr. 4B. Í breytingunni felst að setja kvist á suðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kjalarvogur 5. (Leiðrétting).*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti *skipulagsfulltrúi Reykjavíkur*, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann *9. janúar 2015*, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabakka vegna lóðarinnar nr. 5 við Kjalarvog. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli, stækkun á byggingarreit og fækkun bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. júní 2015.*

**Björn Axelsson.**

---